


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Steinsteypuvirki húsasmiða SVH1024 Kennsluáætlun vorönn 2014</b>	

<b>Kennari</b>	Indriði Arnórsson	<b>Sk.st.</b>	INA
----------------	-------------------	---------------	-----

#### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um framkvæmdir við undirstöður og burðarvirki steinsteypra bygginga og mannvirkja. Byrjað er á að gera grein fyrir afsetningu húsa og mælingum á byggingastað, því næst er fjallað um mótasmiði einstakra byggingarhluta, einangrun botnplötu, niðurlögn steinsteypu, gerð og smíði verkpalla eftir því sem bygging rís. Kennslan er bæði bókleg og verkleg og lögð er áhersla á samhengi námsþátta. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi fengið nokkra innsýn í smíði steypumóta og verkpalla í vinnustaðanámi áður en þeir fara í áfangann. Áfanginn er ætlaður húsasmiðum og fer kennslan þannig fram að tvinnað er saman bóklegum og verklegum þáttum námsins með fyrirlestrum og verkefnavinnu.


#### Markmið:

##### Nemandi

- þekki grunnatriði lengdar- og hæðarmælinga á byggingastað
- kunni skil á algengustu mæliaðferðum og mælitækjum
- geti staðsett byggingarlínur á hornaslám og mælt lengdir
- geti afsett hæðir á byggingarstað út frá fastpunkti
- kunni að finna réttan halla á lögnum eða plani
- kunni skil á einangrun botnplötu og sökkuveggja
- þekki helstu einangrunarefni sem notuð eru í húsgrunna
- hafi innsýn í þjöppun fyllingarefna og einangrun veggja og plötu
- kunni skil á smíði og niðurrifi steypumóta fyrir byggingar og mannvirki
- þekki muninn á hefðbundnum steypumótum og flekamótum
- þekki smíði hefðbundinna steypumóta fyrir einstaka byggingarhluta
- kunni að koma fyrir gluggum, hurðum og öðrum íhlutum í steypumót
- viti deili á smíði steypumóta vegna meiriháttar steypuviðgerða
- viti hvernig á að rífa og ganga frá hefðbundnum mótum og flekamótum
- þekki öryggisráðstafanir við smíði og niðurrif steypumóta
- þekki framleiðslu og niðurlögn steinsteypu
- geti leiðbeint kranastjóra við flutning á efni og tækjum
- kunni að undirbúa steypumót fyrir niðurlögn steinsteypu
- viti deili á samsetningu og hörðunarferli steinsteypu
- kunni skil á aðhlyningu og eftirmeðhöndlun steinsteypu
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við niðurlögn steinsteypu

Námsgögn:	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
-----------	---

Bækur	Mótavinna og uppsláttur (2005 IÐNÚ, Menntafélag byggingariðnaðarins).
Ljósrit	Öryggisatriði fyrir kranastjórnun. Álagsmerkingar á tré- og stálstoðum.
Verklegar æfingar	Steypuvirki með breytilegum tengjum unnið í Skála.
Annað (t.d. ítarefni)	Heimsóknir á vinnustaði, verslanir og jafnvel víðar.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Steinsteypuvirki húsasmiða SVH1024 Kennsluáætlun vorönn 2014</b>	

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni: Kennslubókin Mótavinna og mótauppláttur		
2 - 4	Kafli 1	Steypumót	
5 - 6	-- -- 2	Mót fyrir hurðir og glugga	Verkefni 1
7 - 9	-- -- 3	Veggjamót	Verkefni 2
10 - 11	-- -- 4	Súlumót	Verkefni 3
12 - 13	-- -- 5	Loftamót.	Verkefni 4
14	-- -- 6	Bitamót	Verkefni 5
15	-- -- 7	Stigamót	Skyndipróf
16	Páskafrí		
17 - 18	-- -- 7	Stigamót Frágangur og upprifjun	Verkefni 6

### Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Lokapróf (skv. próftöflu í maí)	50%
Skyndipróf	Eitt próf	20%
Frammistaða á önn	Verkefni 1 - 6	30%

Dagsetning: 07.01.2014

Indriði Arnórsson

Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils